



Alþingi  
Erindi nr. Þ 128/829  
komudagur 21.1.2003

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja  
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

17. janúar 2003

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á ársreikningalögum (427. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 10. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

SBV fagna því að verið sé að vinna að endurskoðun á ársreikningalögum, enda lögin orðin sjö ára gömul og margt breyst á þeim tíma í fyrirtækjakúltúr hérlendis. Mikilvægt er þó að við þá endurskoðun sé fylgt alþjóðlegum stöðlum í reiknings-skilum, en mikil vinna að endurskoðun þeirra hefur verið í gangi síðustu misseri. Það virðist ekki að fullu gert í frumvarpinu og styðja SBV athugasemdir sem vitað er að munu berast frá Félagi löggiltra endurskoðenda um þau atriði.

Þá vilja SBV gera athugasemdir við nokkur atriði frumvarpsins:

1. Við 6. gr.

Í 2. efnismgr. 6. gr. er félögum gert skylt að víkja frá lögum ef ákvæði þeirra eru ekki talin nægja til að gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé. Hér er um afar sérstakt ákvæði að ræða, þ.e. að beinlínis eigi að lögfesta að ekki beri að fara að lögum í nánar tilgreindum tilvikum. Fyrir lánveitendur eru ársreikningar félaga grundvallargagn að styðjast við þegar greiðsluhæfi lántaka er metið. Slík lagabreyting gæti leitt til þess að ekki verður hægt að styðjast við ársreikninga með sama hætti og hingað til. **SBV telja þetta mjög vafasamt skref og leggja til að málsgreinin verði felld brott.** Að öðrum kosti er nauðsynlegt að setja mjög skýr fyrirmæli í lögin um við hvaða aðstæður er heimilt að beita ákvæðinu, sem og um hvaða aðili sé bær um að setja önnur viðmið í einstökum tilvikum en lög mæla fyrir um.

2. Við 16. gr.

Í 1. efnismgr. 16. gr. er lagt til að kostnað vegna óefnislegra réttinda, rannsókna og þróunar skuli afskrifa með kerfisbundnum hætti, að hámarki á 20 árum. SBV fagna því að lagt sé til að afskriftartíminn sé hækkaður úr 5 árum í 20. Hins vegar ber að horfa til þess að í vinnu að breyttum alþjóðastöðlum er


gert ráð fyrir að ekki þurfi að afskrifa slíkan kostnað. Eðlilegast er að fylgja þeirri þróun, enda líklegt að annars þurfi að breyta reglum í þessu efni aftur fljótlega. Þá hafa SBV miklar efasemdir um réttmæti þess að heimila eignfærslu rannsókn- og þróunarkostnaðar, en frumvarpið ráðgerir enga breytingu á gildandi lögum í því efni. Slíkar “eignir” eru afar óljósar eignir og því dregur eignfærsla þeirra úr gildi ársreikninga sem tækis til að meta raunverulegt verðgildi félaga. **Eðlilegt er að færa hérland lög að fullu í samræmi við alþjóðastaðla í þessum efnum**, en skv. þeim er eignfærsla rannsóknakostnaðar óheimil og einungis heimilt að eignfæra þróunarkostnað að uppfylltum mjög vel skilgreindum skilyrðum.

3. Við 21. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skattskuldbindingu, þ.e. að gert verði að skilyrði að færa frestaða skattskuldbindingu sem sérstakan skuldalið í efnahagsreikningi. **Að mati SBV er mikilvægt að jafnframt verði tekið á því hvernig eigi að færa skattinneign**, en slíkt hefur nokkuð tíðkast á síðustu misserum. Þó er brýnt að reglur þar um séu skýrar og gefi ekki færi á of viðtækri túlkun.

4. **Að mati SBV er mikilvægt að aðlaga þau ákvæði laganna sem fjalla um mat langtímaverðbréfa að því sem gerist erlendis.** Skort hefur á skýrar reglur í þessum efnum, sem leitt hefur til þess að sum héraðs fyrirtækja eru farin að beita reglum byggðar á alþjóðastöðlum og færa langtímaverðbréf á markaðsverði. Slíkar færslur skortir beina lagastoð í íslenskum lögum. Að mati SBV eru ekki rök til að gera upp á milli veltubókar og fjárfestingabókar fjármálafyrirtækja, ef markaðsverð á bréfum sem skráð eru í fjárfestingabókina er til staðar.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri